

Frumvarp til laga

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940,
með síðari breytingum (móðgun við erlenda þjóðhöfðingja).

Flm.: Steinunn Þóra Árnadóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon,
Ari Trausti Guðmundsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Orri Páll Jóhannsson.

1. gr.

95. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 145. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Það er hér endurflutt með breyttri og ítarlegri greinargerð.

Á undanförunum misserum hefur talsvert verið þrengt að tjáningarfrelsi víða um heim. Frelsi blaðamanna hefur verið skert og stjórnvöld í einstökum ríkjum hafa reynt að uppræta gagnrýna umræðu, jafnvel yfir landamæri. Má í því samhengi nefna nýlegt mál þar sem þýsk stjórnvöld létu undan þrýstingi Tyrklandsstjórnar og heimiluðu málaferli gegn skemmtikrafti sem farið hafði óvirkulegum orðum um Erdogan, forseta Tyrklands. Ákvörðun þessi er almennt talin hafa verið mikill álitshnekkir fyrir þýsku ríkisstjórnina og ótíðindi fyrir tjáningarfrelsið.

Ákvörðun þýsku stjórnarinnar byggðist á lögum sem gilda þar í landi og fela í sér refsingar við því að smána erlenda þjóðhöfðingja eða ríki. Í kjölfarið spratt upp umræða í ýmsum Evrópulöndum um réttmæti slíkra laga. Þá er um þessar mundir unnið að úttekt á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, í samvinnu við International Press Institute í Vínarborg, á löggjöf um sérvernd erlendra þjóðhöfðingja.

Arið 2002 felldi Mannréttindadómstóll Evrópu dóm í máli franska dagblaðsins Le Monde, þar sem úrskurðað var að sérstök vernd þjóðhöfðingja væri ónauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Í framhaldi af dónum lýstu íslenskir lögspekingar efasemdum um að unnt væri að dæma eftir 95. gr. hegningarlaga í ljósi 10. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu.¹

95. gr. almennra hegningarlaga felur í sér afar hörð viðurlög við því að smána erlend ríki, þjóðhöfðingja eða þjóðartákn á borð við fána. Þá er tiltekið að óheimilt sé að ráðast gegn sendierindrekum með ofbeldi eða valda eignarspjöllum á sendiráðum eða lóðum þeirra.

Lagaákvæðum sem standa eiga vörð um sóma erlendra þjóðhöfðingja hefur sjaldan verið beitt hér á landi og enn sjaldnar fallið dómur á grunni þeirra. Þau fáu tilvik hafa þó síst verið landi og þjóð til sóma. Þannig hlaut rithöfundurinn Þórbergur Þórðarson dóm fyrir að kalla

¹ www.mbl.is/greinasafn/grein/678563/

Adolf Hitler blóðhund og skáldið Steinn Steinarr fyrir að smána hakakrossfána þýska nasistaflokksins. Óhætt er að segja að sagan hafi farið mjúkum höndum um þau afbrot.

Viðvíkjandi seinni hluta lagagreinarinnar, sem snýr sérstaklega að eignaspjöllum á sendiráðum, er um að ræða klausu sem bætt var við lögum árið 2002. Þann sama vetur höfðu þrír ungir menn verið kærðir og hlutu síðar dóm á grundvelli 95. gr. hegningarlaga fyrir að hafa kastað bensínsprengju að bandaríska sendiráðinu. Sú ákvörðun að kæra verknaðinn á grunni ákvæðisins um móðgun í garð erlendra ríkja og þjóðhöfðingja varð umdeild og er erfitt að skilja lagabreytinguna nema sem tilraun til að verja þá ákvörðun eftir á. Þessi hluti lagagreinarinnar er þó með öllu óþarfur, líkt og fyrri hluti hennar, enda önnur ákvæði í lögum sem taka á skemmdarverkum eða íkveikjum.